Nr. 1220 10. desember 2008

# REGLUGERÐ

**um (4.) breytingu á reglugerð um greiðslur úr fóðursjóði nr. 431/1996.**

1. gr.

Á eftir 1. mgr. í 3. tl. 2. gr. reglugerðarinnar komi nýr málsliður er orðast svo: Fyrir fóðurblöndur sem upprunnar eru frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 31. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagning og sölu á búvörum, sbr. 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á þeim lögum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2009 og gildir til og með 31. desember 2009.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 2008.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Arnór Snæbjörnsson.*

B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2008